



DAGUR KVENNA Í DREIFBÝLI

Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar 15. október 2003

Heiðruðu dreifbýliskonur
Góðir gestir

Sjávarþorpið og sveitin; mannlíf í návígi við náttúruna, ræturnar sem alið hafa menningu og tilfinningar, sjálfstæðisvitund og sóknarkraft.

Það Ísland sem við þekkjum er þessarar ættar; ljóð og sögur, skáldin sem snerta hjartarætur; persónur í bókmenntunum sem við þekkjum betur en flesta menn; Salka Valka á Óseyri við Axarfjörð; Bjartur í Sumarhúsum; sjávarþorpið og sveitin enn á ný.

Hefði Halldór Laxness orðið Nóbelskáld ef dreifbýlið hefði ekki gefið honum yrkisefnið og Mosfellsdalur verið æskuslóðir og reyndar einnig heimili hans um langa hríð. Getum við hugsað okkur Gljúfrastein í miðri borg? Dulúðin sem honum tengist er bundin heiðum og fjöllum í nágrenninu.

Baráttan fyrir brauðinu hefur verið býsna hörð; þjóðin lengi búið við sára fátækt, nánast skort á erfiðum tímum. Hvað var þá til bjargar? Atorka og útsjónasemi, fórnfýsi og dugnaður kvenna sem heimilum stýrðu, gengu til allra verka, í heyskap og í gripahúsin, réru jafnvel til fiskjar, unnu úr ull klæði sem dugðu í frosthörkum á grimmmum vetri.

Við sem ólumst upp í litlum þorpum þar sem sólin hvarf á dimmum vikum fundum í æsku að kvennasveitin var kjölfestan í mannlífinu, að framlag hennar var samhengið í árstíðunum, á vorin og haustin gáfu þær taktinn í daglegri önn, voru athvarf hinna ungu, öldruðum stoð og stytta, jafnan sú rödd sem úrslitum réði á örlagastund.

Þessir eiginleikar lifa enn; dreifbýliskonur eru áfram afl í þjóðlífinu og verða ætíð á nýrri öld; samtaka sveit sem eftir er tekið, eins konar samvíska þjóðarinnar, sá hópur sem þingmenn og ráðherrar hlusta á; geta

átt greiðari aðgang að valdakerfi en flestir aðrir. Vissulega hefur verið á brattann að sækja, erfiðleikar steðjað að, fólksfækkun víða sett þrengri kost, en samt eru tækifærin á okkar tímum fleiri en oftast áður.

Samskiptanetið sem tæknin skapar, erindi og orðsendingar sem nú berast til allra á örskotshraða hafa gjörbreytt aðstöðunni til að láta að sér kveða; einangrunin er ekki lengur hindrun. Nú geta dreifbýliskonur náð saman á einum degi og æft áhrifakór sem eftir er tekið.

Atvinnulífið er líka orðið fjölbreyttara, ekki aðeins búskapur og sjósókn eins og áður heldur einnig ferðamennska, náttúruskoðun, handið, menningarstraumar, tæknistörf og þúsundir þéttbýlisbúa sækja sér á dreifbýlisslóðum lífskraft og andlega heilsu, nærast á andblænum sem þar er að finna.

Í samfélagsflóru nýrrar aldar geta dreifbýliskonur orðið afgerandi og vakið athygli á mörgum málum, hvatt til nýbreytni og þarfra verka, virkjað kraftinn sem jafnan hefur í þeim búið.

Það er því vel til fundið að gera dag á ári hverju að sérstökum vettvangi dreifbýliskvænna og beina þannig sjónum okkar í ykkar átt. Slíkur dagur getur orðið merkileg viðbót við árstíðartaktinn sem við áður þekktum og tilvalið að helga slíka stund á skilum vetrar og hausts málefnum sem dreifbýliskonur bera fram.

Það er mér því í senn ánægja og heiður að tilkynna að 15. október verður framvegis Dagur kvænna í dreifbýli og einlæg von mín að hann verði þjóðinni allri til heilla.